

## Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

### 4. - 8. maí

#### **Þó líði ár og öld**

Syngdu  
Vorsöngur Ídu  
Vorvísa  
Föstudagslagið

### 11. - 15. maí

Þemadagar

#### **Skólasöngur**

#### **Sumar og sól**

Syngdu  
Föstudagslagið  
Þó líði ár og öld

### 18. - 22. maí

#### **Vikivaki**

#### **Komdu út að leika**

Þó líði ár og öld  
Sumar og sól  
Skólasöngur

### Þó líði ár og öld

Lag: Erlent lag

Ljóð: Kristmann Vilhjálmsson

Alltaf þrái ég þig heitt,  
þó líði ár.  
Í heiminum getur ei neitt  
þerrað mín tár.

*Þó líði ár og öld  
er ást mín ætíð ætluð þér.  
Þó gleymir þú í heimsins glaum  
öllu um mig.  
Ég elska þig.*

Í svefni sem vöku  
sé ég þig.  
Brosandi augu þín  
yfirgefa ei mig.

*Þó líði ár og öld...*

### Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið 2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,  
fyrir en varir byrja  
lítil börn með lungu' og hjarta'  
að leika sér og spyrja.  
Í skóla fá þau svör og starf,  
söng og gleði skarta,  
visku, dyggð og von í arf,  
í veganesti' að narta.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri' og fleiri bækur.  
Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri bækur.“*

Börnin ná í boltann sinn,  
bjallan var' að hringja,  
úr frímínútum flykkjast inn  
og fara svo að syngja.  
Þau langar til að líða vel,  
lesa, skrifa' og reikna,  
fá vinskáp, hlýju' og vinabel,  
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri' og fleiri bækur.  
Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri bækur.“*

*Já, lífið er eins og ...“*

## **Sumar og sól**

Lag: Jerry Smith  
Ljóð: Ómar Ragnarsson

Nú er kátt um borg og bæ  
börnin syngja ha, ha, hæ.  
Sólin skín, sæt og fín,  
brosandi á börnin sín.

Allir krakkar út í leik,  
ólmast nú svo glöð og keik,  
enginn tollir inni við  
ef úti er sólskinið.

*Því nú er sumar, sumar,  
sumar og sól,  
sumar, sumar,  
sumar og sól*

## **Vikivaki**

Lag: Valgeir Guðjónsson  
Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylunn vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
hlær og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu, að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

*Aaaa, aaaaa.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!*

Allt hið liðna er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt!

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

*Aaaa, aaaaa.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!*

## **Komdu út að leika**

Lag og ljóð: Auður Guðjohnsen

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær.  
ljúfur er sumarblær.*

Krakkarnir bíða við húsvegginn  
komdu og vertu með!  
Allir hlaupa'um holt og hæðir  
gaman saman!

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær,  
ljúfur er sumarblær.*

Fallin spýta og feluleik,  
flugdreki' á fleygiferð!  
Allir hlaupa'um holt og hæðir  
gaman saman!

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær.  
ljúfur er sumarblær.*

## **Vorvísu**

Lag: Hallbjörg Bjarnadóttir  
Ljóð: Jón Thoroddsen

Vorið er komið og grundirnar gróa,  
gilin og lækirnir fossa af brún;  
syngur í runni, og senn kemur lóa,  
svanur á tjarnir og þröstur í tún;  
nú tekur hýrna um hólma og sker,  
hreiðra sig blikinn og æðurin fer;  
hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,  
hóar þar smali og rekur á ból;  
lömbin sér una um blómgaða bala,  
börnin sér leika að skeljum á hól.

## **Vorsöngur Ídu**

Lag: Georg Riedel  
Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Það væri' ekki' í vændum neitt sumar  
ef vorið því ýtti' ekki af stað  
að sunnan með sumarlegt veður  
og svo flykkjast blómin öll að.  
Já, blómunum kem ég í blóma  
á bithagann grænu hef smurt  
þið sjáið að komið er sumar  
því sent hef ég snjóinn í burt.

Og vatnið það læt ég í lækinn  
sem líður hér buslandi um,  
svo fylli ég loftið af fuglum  
og fæði á mýflugunum.  
Ég lagfæri lafin á trjánunum  
og læt gera hreiður í þeim.  
Á kvöldhimni skreyti ég skýin  
svo skærbleik þau ljóma' út í geim.

Og börnunum færi ég berin,  
þau beinlínis eiga' á því rétt  
og ýmislegt skemmtilegt annað  
svo öll verður tilveran létt.  
Svo bý ég til bala og lautir  
og börnin þar hlaupa í leik.  
Þau fagna og fyllast af sumri  
og fætturnir þjóta á kreik.

## **Syngdu**

Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Syngdu ef þú átt söng í hjarta þér.  
Hann má fjalla' um hvað em er.  
Viltu syngja hann með mér?

Syngdu ef þú átt söng sem þér er kær.  
Hann má vera angurvær,  
ef hann rétta strenginn slær.

*Ef þú finnur hreinan tón  
sem hæfir hjartastað  
þá er söngurinn einmitt  
galdurinn sem getur það.*

Syngdu ef þú átt söng sem veitir styrk  
þegar veröldin er myrk.  
Þá verður vonin aftur virk.

Syngdu ef þú átt söng sem gefur yl,  
fær mig til að finna til  
og er með orðum sem ég skil.

*Ef þú finnur hreinan tón  
sem hæfir hjartastað  
þá er söngurinn einmitt  
galdurinn sem getur það.*

Hvar sem þú kemur og hvert sem þú ferð  
í hjartanu sönginn þú berð.

*Því ef þú finnur hreinan tón  
sem hæfir beint í hjartastað  
þá er söngurinn einmitt  
galdurinn sem getur það.*

Syngdu ef þú átt söng sem hjartað sker.  
Hann má fjalla um hvað sem er  
og ég mun syngja hann að eilífu með þér.

## **Föstudagslagið**

Lag og texti: Sigurlaug Elín Þórhallsdóttir

Hvaða dagur er í dag?  
Hvaða dagur er í dag?  
Það er föstudagur í dag  
og við syngjum föstudagslag!

Það er ekki skóli á morgun  
og það er ekki skóli á hinn.  
Því það er föstudagur í dag  
og við syngjum föstudagslag!

Kannski hittumst við í sundi!  
Kannski klöppum við sætum hundi!  
Lúrum lengi á laugardaginn og  
bökum þönnsur á sunnudaginn!

Því hvaða dagur er í dag?  
Hvaða dagur er í dag?  
Því það er föstudagur í dag  
og við syngjum  
þetta föstudagslag!